

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um eftirlit á skilorðstíma.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Hafa reglur um fyrirkomulag eftirlits með börnum sem hlotið hafa skilorðsdóm verið endurskoðaðar í samræmi við niðurstöður í skýrslu nefndar dómsmálaráðherra um málefni ungra afbrotamanna frá 4. maí 1999?
2. Ef svo er, hefur reglunum verið breytt og í hverju eru þær breytingar fólgnar? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að reglurnar verði endurskoðaðar?